



# spjaldtölvuverkefni kópavogsbæjar

Kópavogi 13. apríl 2016

## Efni: Upplýsingar til starfsmanna um kaup nemenda á spjaldtölvum

Ágætu starfsmenn

Eins og sumir vita stendur það til boða að nemendur eignist spjaldtölvur sem þeim hafa verið afhentar í skólanum. Án þess að það sé ætlunin að starfsfólk skóla taki að sér vinnu vegna þess er rétt að upplýsa um helstu atriði, enda hefur frést að sumir nemendur spyrji út í þetta.

Markmið tilboðsins er fyrst og fremst að stuðla að sem bestri meðferð nemenda á tækjunum. Vonast er til að nemandi passi enn betur upp á spjaldtölvuna sína ef hann veit að hún verði hans eign. Verðinu er stillt mjög í hóf, enda verður spjaldtölvun ekki að fullu eign nemandans fyrr en að 2-3 árum liðnum.

Til að ganga frá kaupum þarf foreldri eða forráðamaður að skrá sig inn á Íbúagátt með Íslykli eða rafrænum skilríkjum og fylla þar út umsókn. Heildarverð spjaldtölvunnar er kr. 27.000 sem deilist á jafnar mánaðarlegar greiðslur yfir lengd kaupsamningsins. Ekki er hægt að ganga frá kaupum með einni greiðslu þar sem spjaldtölvun á að vera eign Kópavogsbæjar meðan nemandi er í skóla. Þannig er tryggt að hægt sé að framfylgja reglum bæjar og skóla um notkun. Einnig er þannig skýrt að tjón vegna skemmda leggist ekki á heimilið.

Að sjálfsögðu er það engin kvöð að kaupa tækið. Aðgengi og notkun í námi er sú sama hvort sem tilboðið er nýtt eða ekki. Kaupum fylgir hins vegar réttur til að halda spjaldtölvunni í sumarleyfinu, en til þess verður að sækja um kaup í síðasta lagi 15. apríl, sem er næsti föstudagur. Fyrsta greiðsla er þá 1. maí sem er ekki seinna vænna ef hægt á að vera að hafa yfirsýn yfir hverjir eigi að skila spjaldtölvum fyrir sumarleyfi og hverjir ekki.

Vonandi skýra þessar upplýsingar málið fyrir ykkur ágætu starfsmenn.

Fyrirspurnir má senda á netfangið [spjaldtolvur@kopavogur.is](mailto:spjaldtolvur@kopavogur.is)

Með bestu kveðjum

Björn Gunnlaugsson  
Verkefnastjóri spjaldtölvuinnleiðingar